

Ed.

99. Frumvarp til laga

[60. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnyttja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, mariukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, auglýsa þrívægis í Lögbertingablaðinu fyrir mæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratuginu og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður.

5. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina, og fer um kaupverðið eftir því, sem um semst, en verði ágreiningur um það, skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Skjóta má úrskurði matsmanna til yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum og er bindandi bæði fyrir kaupanda og seljanda.

6. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Nú er það flutt aftur lítið breytt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá frv.:

„Um allt land eru til alls konar ítök, sem þessi eða hinn telur sig eiga í landi annarra jarða, eða fyrir því, þegar um reka er að ræða. Í skógræktarlögunum er mönnum gefinn kostur á að kaupa aftur undir jarðir sínar skógarítök, og í laxveiðilögunum eru ákvæði um, að menn geti keypt aftur undir jarðirnar laxveiði, sem undan þeim hefur gengið. Í þessu frumvarpi er mönnum gert mögulegt að kaupa aftur undir jarðir sínar réttindi, sem þeim ber að fylgja að eðlilegum hætti, svo sem trjáviðarreka, hvalreka, mótekju, slægjuítök, beitarítök, bjargsig, sölvafjöru o. s. frv. Þessi réttindi hafa á ýmsan hátt gengið undan jörðunum, oft verið gefin kirkjum eða einstökum mönnum, stundum seld, látin í skiptum fyrir eitthvað annað o. s. frv. Mörg af þessum ítökum eru þeir, sem nú telja sig eiga þau, hættir að nota og virða svo lítils, að hæpið er, hvort þeim þætti borga sig að lýsa eftir þeim (t. d. bjargsig, sölvafjara, beit o. fl.), og munu sum þeirra þegar fyrnt. Önnur eru enn nýtt, en þá oft af umboðsmönnum (reki), sem fá hluta af hlunnindum ítaksins fyrir að sjá um það.

Sjálfsgagt þykir flutningsmönnum, að hver jörð eigi þau gæði, sem eru í hennar landi eða fyrir því (reki), og til að greiða fyrir því, að svo megi verða, er frumvarp þetta flutt.“